



Samráðsfundur með íbúum vegna nýs deiliskipulags Ásbrautar.

Íbúar við Ásbraut 3-5.

Fundarherbergið Fífuhvammi kl. 15:00.

Starfsmenn Kópavogsbæjar mættir: Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi, Orri Gunnarsson skipulagsfræðingur, Birkir Rútsson deildarstjóri gatnadeildar og Harri Ormarsson lögfræðingur.

Lóðarhafar mættir: Monica Janina Skiba, Sólveig Benjamínsdóttir, Guðrún Marta Torfadóttir, Björn Sævar Einarsson, Bergur Tareq Tamimi og Unnur Hjálmarsdóttir.

Fundargerð ritaði Karlotta Helgadóttir, fulltrúi skipulagsdeildar.

Fundurinn hófst á stuttri kynningu á tillögu að deiliskipulagi sem er í vinnslu hjá skipulagsfulltrúa og á gatnadeild. Gerð var grein fyrir hvar í skipulagsferlinu tillagan er stödd og hvernig ferlinu framundan verður háttað. Þar sem tillagan gerir ráð fyrir að gerðar verði breytingar á aðkomu að lóðum, gróðursetningu og fyrirkomulagi bílastæða er mikilvægt að leita sjónarmiða lóðarhafa aðliggjandi lóða á þessu stigi við mótun tillögunnar.

Orri Gunnarsson gerði grein fyrir þeim breytingum sem lagðar eru til á lóðinni við Ásbraut 3-5. Meginmarkmið breytinganna eru að koma fyrir stofnstíg hjólréiða, auka umferðaröryggi allra vegfarenda og bæta ásýnd götunnar.

Lóðarhafar tóku því fagnandi að eitt af markmiðum breytinganna væri að auka umferðaröryggi allra vegfarenda þar sem þeim þykir núverandi fyrirkomulag ekki nógu gott. Lóðarhafar hafa nýlega sett niður hleðslustöðvar norðan megin á bílastæðið og Kópavogsbær er til í að vinna hleðslustæðin með þeim.

Fundi slitið kl. 15:55.